**Til aðildarfélaga KSÍ**

*Reykjavík, 26. maí 2020*

**Efni: Óúttekin leikbönn í bikarkeppni KSÍ**

Á hverju vori fær skrifstofa KSÍ fyrirspurnir um óúttekin leikbönn frá síðustu leiktíð. Ævinlega er félögum bent á að þeim hafi verið tilkynnt um leikbönn með tölvupósti og það sé á þeirra ábyrgð að gæta þess að leikmenn sem eigi eftir að taka út leikbönn geri svo eða sbr. starfsreglur Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ:

> *Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.*

Skrifstofa KSÍ hefur nú tekið saman lista til upplýsingar fyrir félögin um þá leikmenn í meistaraflokki sem eiga eftir að taka út leikbönn vegna leikja í **bikarkeppni 2019**. Á listanum eru leikmenn skráðir í þau félög sem þeir fengu leikbann með. Frá þeim tíma kunna þessir leikmenn að hafa skipt um félag og er því mjög mikilvægt að öll félög kynni sér listann bæði hvað varðar stöðu leikmanna frá 2019 og einnig stöðu leikmanna sem gengið hafa til liðs við félagið. Listinn gefur ekki upplýsingar um óúttekin leikbönn í öðrum flokkum.

**Listinn er birtur með eftirfarandi fyrirvara:**
Allir úrskurðir Aga- og úrskurðarnefndar 2019 um leikbönn voru tilkynntir félögunum með tölvupósti. Ef leikmaður hefur ekki tekið út leikbann sitt 2019 vegna brottvísunar flyst leikbannið í fyrsta eða fyrstu leiki í bikarkeppni KSÍ í viðkomandi flokki (nema leikmaðurinn fari upp um aldursflokk og flyst þá leikbannið með honum þangað). Þessi listi er því hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.

Athugið að listinn nær eingöngu til leikbanna í bikarkeppni KSÍ. Sendur verður út annar listi til félaga sem nær til leikbanna í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ.

Ef aðildarfélög finna villu í listanum er þau vinsamlega beðin um að tilkynna Hauki Hinrikssyni, haukur@ksi.is eða Þorvaldi Ingimundarsyni, thorvaldur@ksi.is, á skrifstofu KSÍ um það. Ef félög eru í vafa um leikbönn er þeim bent á að hafa samband við Hauk, s. 510-2912.

*Með kveðju,*
*f. h. KSÍ,*

Þorvaldur Ingimundarson

Hjálagt: Áðurnefndur listi.

**FYIRIRVARI: LISTI ÞESSI ER HVORKI TILKYNNING UM LEIKBANN NÉ LEYSIR HANN LEIKMANN UNDAN LEIKBANNI HELDUR BER AÐ FARA EFTIR TÖLVUPÓSTI FRÁ AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND FRÁ 2019.**

***LEIKMENN SEM VORU ÚRSKURÐAÐIR Í LEIKBANN Í BIKARKEPPNI 2019 OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU.***

***LEIKMENN ERU SKRÁÐIR Í ÞAÐ FÉLAG SEM ÞEIR UNNU TIL REFSINGAR MEÐ EN GETA VERIÐ HLUTGENGIR MEÐ ÖÐRU FÉLAGI NÚ Í UPPHAFI MÓTS OG BER ÞEIM AÐ TAKA ÚT REFSINGU MEÐ ÞVÍ FÉLAGI.***

***Unnið úr gögnum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 2019 og leikjaskrá KSÍ frá 2019.***

**3 leikir**

| Nafn | Félag 2019 |
|---|---|
| Elfar Freyr Helgason | Breiðablik |

**2 leikir**

| Nafn | Félag 2019 |
|---|---|
| Marcus Vincius Mendes Vieira | Fram |

**1 leikur**

| Nafn | Félag 2019 |
|---|---|
| Alexander Freyr Sigurðsson | Ísbjörninn |
| Andrzej Adrian Gawronski | Ísbjörninn |
| Arnar Geir Halldórsson | Magni |
| Arnleifur Hjörleifsson | Kári |
| Brynjólfur Andersen Willumsson | Breiðablik |
| Emmanuel Eli Keke | Víkingur Ól. |
| Guðjón Gunnarsson, þjálfari | |
| Guðmundur Óli Steingrímsson | Völsungur |
| Haukur Björn Guðnason | Fenrir |
| Hildur Antonsdóttir | Breiðblik |
| Ingvi Þór Sigurðsson | Sindri |
| Jón Eyjólfur Guðmundsson | KÁ |
| Jón Ívan Rivine | KV |
| Jón Már Ferro | ÍH |
| Ómar Ingi Guðmundsson | Ýmir |
| Pétur Viðarsson | FH |
| Sveinn Óli Birgisson | Magni |
| Sævar Pétursson, þjálfari | |
| Sævin Alexander Símonarson | KB |
| Valdimir Tufegdzic | Grindavík |
| Vuk Óskar Dimitrijevic | Leiknir R. |

***Þessi listi er hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.***